

Inntökuathöfn nýrra félaga í ?? deild

Formaður setur fundinn og kveikir á kertunum.

Orð til umhugsunar

(Mikilvægt er að nýir félagar séu kallaðir fram og standi í boga aftan við borð þar sem kertin standa og nælur og skírteini hafa verið lögð. Þær deildir sem ekki eiga litlu kertin geta fengið þau lánuð t.d. hjá Gammadeild. Skammtilegt að stilla upp skjaldarmerki og rósirnar settar í vasa á borðið. Allt þetta eykur á hátíðleikann.)

Inntökunefnd: **Formaður deildar og tveir til viðbótar sem formaður hefur undirbúið. Gæti líka verið forseti landsambandsins ef deildin hefur undirbúið það.**

1. **Kæru félagar í Delta Kappa Gamma (formaður)**
Mér er það ánægja að fá að kynna fyrir ykkur þær konur sem nú gerast félagar í alþjóðasamtökunum Delta Kappa Gamma.
Þær eru: Nafnalistinn lesinn í stafrófsröð.

2. **Forseti landsambandsins: (eða önnur úr nefndinni – t.d. varaformaður)**
Það er okkur ánægja að fá þessar konur sem féлага í ?? deild, Delta Kappa Gamma, félags kvenna í fræðslustörfum. Við vitum að þær, með þekkingu sinni og áhuga á fræðslumálum, munu styrkja þennan félagsskap í þeirri viðleitni að auka veg mennta- og menningarmála í landinu.

Kæru tilvonandi félagar í Delta Kappa Gamma.

Það er mælt með ykkur í þennan félagsskap af vinum ykkar og samstarfsmönnum sem þekkja til áhuga ykkar og færni. Þið hafið fengið upplýsingar um sögu og eðli samtakanna, uppbyggingu þeirra og þá ábyrgð, störf og tækifæri sem fylgja virkri þátttöku. Samtökin hafa sjö meginmarkmið sem eru eftirfarandi:

3. **Markmiðin: (formaður eða)**
 1. Að efla tengsl kvenna sem vinna að fræðslustörfum víðs vegar í heiminum.
 2. Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála.
 3. Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum

4. Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja framgang hvers konar viðleitni til hagsbóta fyrir menntamál almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
5. Að veita konum sem skara fram úr í menntamálum styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í öðrum löndum sem vinna að fræðslustörfum.
6. Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
7. Að fræða félagar um það sem er efst á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku í samfélagi þjóðanna.

4. Formaður eða

Þess er vænst að allir félagar í deild, landssambandi og alþjóðasamtökunum taki þátt í að móta og framfylgja þeim áætlunum og verkefnum sem við tökum okkur fyrir hendur til að ná þessum 7 markmiðum. Sú viðleitni tengir okkur saman og samvinnan í gagnlegum og þroskandi verkefnum verður til þess að efla og styrkja félagsskapinn.

Eruð þið sammála markmiðum samtakanna og viljið þið taka þátt í starfi deildarinnar til að ná markmiðunum?

Nýir félagar: Já

5. (Formaður eða)

Þið hafið nú látið í ljós vilja ykkar til að taka þátt í störfum Delta Kappa Gamma. Við höldum í heiðri ýmis tákni sem birtast í þeim veraldlegu munum sem fylgja samtökunum. Við viljum nú kynna fyrir ykkur merkingu þessara tákna.

6. Forseti landssambandsins (eða einhver úr nefndinni)

Litir Delta Kappa Gamma eru rautt og gyllt. Rauði liturinn er tákni þess hugrekkis sem þarf til að ná árangri og sá gyllti er tákni tryggðarinnar við meðlimi og hugsjónir samtakanna.

Blóm okkar er rauð rós sem er stórkostleg sköpun náttúrunnar en endurspeglar jafnframt andríki og sköpunargáfu.

Lykillinn okkar er gyllt sporaskja. Þvert yfir hana miðja eru grísku stafirnir Delta Kappa Gamma. Yfir þeim er lárviðarkrans sem táknar þá stöðu sem þær konur sem bera þennan lykil hafa náð. Undir stöfunum er bikar sem er tákn þekkingar.

Skjaldarmerkið okkar er rauður skjöldur með gylltum borða. Þrjár rósir á borðanum tákna hugsjónir samtakanna um vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Lampinn sem logar og opna bókin á skildinum undirstrika fræðimennsku og þekkingu. Lárviðarsveigar eru hin hefðbundnu tákn afreka og heiðurs.

7. Formaður eða

Nafn samtakanna, Delta Kappa Gamma, undirstrikar hlutverk okkar sem konur í lykilstöðum í fræðslumálum. Delta er fyrsti stafurinn í gríska orðinu Didaskotikai (dídaskotíkæ) sem merkir kennari. Kappa er fyrsti stafurinn í gríska orðinu Kleiduchai (kleidukæ) sem merkir lykill. Og Gamma er fyrsti stafurinn í orðinu Gynaikes (gínækeis) sem merkir konur.

Fyrir framan okkur loga þrjú stór kerti í stjökum sem mynda þríhyrning og eru tákn fyrir trúmennsku, samvinnu og hugsjónir samtakanna. Hver og ein ykkar mun nú kveikja á litlu kerti af einu af þeim stóru og setja það inn í þríhyrninginn. (Nöfnin lesin upp á meðan kveikt er á kertunum. Einhver úr nefndinni les.)

8. Formaður eða

Megi þessi ljós skína til að lýsa upp myrkur fáfræði og megi þau dreifa þekkingu og skilningi. Þið munið nú fá hinn gullna lykil samtakanna sem er barmnæla sem við berum á áberandi stað vinstra megin eða þar sem hjartað slær. Lykillinn berum við á öllum fundum.

Verið velkomnar í ?? deild, Delta Kappa Gamma, félag kvenna í fræðslustörfum á Íslandi. Við fögnum inngöngu ykkar og væntum þess að fá að deila með ykkur vináttu okkar, væntingum og markmiðum sem allra lengst.

Aðstæður:

Félagar raða sér í hálfhring framan við inntökunefndina.

9. Formaður eða forseti eða

Þið eruð nú félagar í Delta Kappa Gamma, félagi kvenna í fræðslustörfum og tengdar saman með sameiginlegum markmiðum samtakanna. Þið þekkið merkingu tákna okkar sem eru lykill, gyllt sporaskja, skjaldarmerkið minnir okkur á einkunnarorðin sem eru vinátta, hjálpssemi og trúmennska, litir samtakanna eru skærrauður og gylltur og rauða rósín endurspeglar sköpun og andagift.

Megi metnaður og fagmennska einkenna starfsemi ?? deildar hér eftir sem hingað til.

Sem félagar í ?? deild takist þið á hendur að vinna í samræmi við hin 7 skráðu markmið samtakanna Delta Kappa Gamma. Eruð þið reiðubúnar til þess?

Félagar: Já.

Inntökunefndin festir nælur í barm nýrra félaga.

Tónlist: Söngur félagskvenna.

Afhenda skírteini og rósir.